

Föstudaginn 22. janúar 1993.

Nr. 350/1990. **Eyjahreppur**

(Jóhann H. Nielsson hrl.)

gegn

Helgu M. Thors,

Jónu Írisi Thors,

Richard R. Thors,

dánarbúi Unnar Thors Briem,

Þórði Thors,

Páli G. Jónssyni og

Óttari Yngvasyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. september 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu verði teknar til greina, en kröfurnar eru:

„Að ógilt verði sala stefndu Helgu M. Thors með afsali dagsettu 14. september 1987 til Jónu Írisar Thors og Richards R. Thors á þeim fasteignum, sem afsalið tekur til og liggja í Eyjahreppi í Hnappadalssýslu. Nánar tiltekið er hér um að ræða jörðina Höfða og Ytri-Rauðamel í Eyjahreppi, Hnappadalssýslu, og fjórða hluta - 25 hundruðustu - þess hluta fasteignarinnar Haffjarðarár, sem liggur í Eyjahreppi, Hnappadalssýslu, þ. m. t. fjórða hluta - 25 hundruðustu - í veiðihúsum á Geiteyri og við Kvörn, svo og fjórða hluta - 25 hundruðustu - þess hluta Oddastaðavatns, sem liggur í Eyjahreppi, ásamt hólum, allt ásamt sama eignarhluta í mannvirkjum og öðrum gögnum og gæðum, sem fasteignum þessum fylgir og fylgja ber að engu undanskildu.

Að viðurkenndur verði forkaupsréttur stefnanda, Eyjahrepps, að

framangreindum fasteignum og fasteignaréttindum að því leyti, sem þær liggja í Eyjahreppi, með þeim kjörum og skilmálum, sem greinir í afsali Helgu M. Thors til Jónu Írisar Thors og Richards R. Thors dagsettu 14. september 1987.“

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að fallist verði á fyrri dómkröfu áfrýjanda um ógildingu á sölu umbj. mínar Helgu M. Thors á þeim fasteignum, sem þar greinir.

2. Að stefndu verði aðallega sýknuð af síðari dómkröfum áfrýjanda um viðurkenningu forkaupsréttar og málskostnað, en til vara, ef viðurkenning verður veitt fyrir forkaupsrétti til handa áfrýjanda, að hann njóti þess réttar aðeins gegn greiðslu á kaupverði afsalsins frá 14. september 1987 með viðbótum sem hér segir: aðallega álagi til jafns við lánskjaravísitölu frá 14. september 1987 (1778 stig) til þess dags, er hann greiðir kaupverðið auk 6% ársvaxta sama tímabil, sem bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. september 1988, til vara: með vöxtum jafnháum almennum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands frá 14. september 1987 til þess dags, er hann greiðir kaupverðið, og bætist þessir vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. september 1988.

3. Að staðfest verði ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða stefndu óskipt málskostnað að skaðlausu skv. mati Hæstaréttar að viðbættum virðisaukaskatti.“

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Aðilar óskuðu þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en gerðu ekki málskostnaðarkröfur í þessum þætti þess.

Mál þetta var þingfest fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. apríl 1988. Málið var dómtekið 2. febrúar 1990 og kveðinn upp frávísunardómur hinn 19. mars sama ár. Sá dómur var kærður til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm 2. maí 1990, þar sem hinn kærði frávísunardómur var staðfestur, að því er varðaði þriðja kröfulið Eyjahrepps, en felldur úr gildi að öðru leyti og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Það var síðan flutt

að nýju og dómtekið 6. júní 1990. Dómur var kveðinn upp 3. ágúst sama ár. Liðu því átta vikur og tveir dagar, frá því að málið var dómtekið, þar til dómur var upp kveðinn. Þessi dráttur á dómsuppsögu var brot á ákvæðum 191. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að fella úr gildi hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Vegna breytingar á dómaskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Vesturlands, sbr. 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að taka málið til munnlegs flutnings og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
